



Kópavogi, 28. október 2023  
Málsnr. 2301344

Efni: Svör við tillögum Barnaþings Kópavogs sem haldið var 29.mars 2023. Tveir fulltrúar mættu frá hverjum skóla, auk þess sem fulltrúar ungmennaráðs tóku þátt. Á barnaþinginu sammæltust barnaþingmenn um 6 tillögur sem gert er grein fyrir hér að neðan.

## Tillögur

### 1. Námsferðir

Fleiri námsferðir til þess að auka verklegt nám og skapa minningar það brýtur upp daginn. Meiri líkur að kynnast fleirum og tengja til dæmis við Íslendingasögur, fara á staðina sem sögurnar gerast. Við erum alltof föst inn í skólanum og í bóklegu námi. Hafa fjáraflanir og auka pening sem er sett í skólana. Svona ferðir geta vakið áhuga á hlutum sem að bækur geta ekki gert.

**Svar;** Grunnskóladeild mun fylgja tillögunni eftir í samvinnu við skólastjórnendur og hvetja til þess að leitast verði við að koma inn í skipulag skólastarfsins markvisst fleiri námsferðum sem auka verklagt nám og tengist námi nemanda. Í dag eru grunnskólar og félagsmiðstöðvar að standa að sameiginlegum ferðum í skólabúðir og til að mynda ganga Laugarveginn, sem er samstarfsverkefni Smáraskóla og félagsmiðstöðvarinnar Þebu.

Stjórnendur skóla og félagsmiðstöðva verða hvattir til að skoða möguleika á samstarfi tengt námsferðum fyrir nemendur og gera það í samráði og samvinnu við nemendur.

### 2. Frítt í strætó

Frítt í strætó fyrir undir 17 ára til þess að einfalda ferðir í tómstundir og skóla. Vegna þess að margir þurfa að taka strætó í skólann þar sem þau búa langt í burtu. Margir krakkar þurfa að taka strætó í t.d skólann og á æfingar, það hafa ekki allir efni á því. Það er líka þægileg og léttari leið að komast á milli staða fyrir suma. Það ætti að vera frítt út grunnskólagönguna og síðan helmings afsláttur í menntó.

**Svar;** Tillögunni verður komið til fulltrúa Kópavogsbæjar sem situr fyrir hönd sveitarfélagsins í stjórn Strætó.

### 3. Kynfræðsla

Kynfræðsla þarf að byrja í 5. - 6. bekk Sumir eru byrjaðir að taka út kynproska í 5. bekk og því löngu byrjaðir í 7. bekk. Það er mikilvægt að vita hvað er að fara að gerast við þig, skilja hvað er framundan eins og hverju þau mega búast við. Fullt af krökkum vita ekkert um þetta og sumir krakkar sjá eitthvað á



netinu eins og klám vídeó sem að er bara ekki rétt leið til að byrja að læra um líkamann/kynlíf.

**Svar;** Vika 6 er verkefni sem keyrt er í félagsmiðstöðvunum 6. viku hvers árs í febrúar. Forstöðumenn félagsmiðstöðva og skólastjórnendur verða hvattir til að vinna saman í Viku 6 og stuðla að fræðslu sem nær ekki bara til 8.-10.bekks, heldur einnig til 5.-7.bekkjar. Grunnskóla- og frístundadeild mun einnig skoða að hafa áhrif á þróunina í tengslum við framboð fræðslu og námskeiða í endurmenntun kennara og starfsfólk félagsmiðstöðva um hvernig best er að fræða ung börn um kynlíf og líkamann.

#### 4. Fríar hreinlætisvörur fyrir nemendur

Stelpur sem byrja á túr í skólanum eiga að geta fengið tíðavörur. Þær eiga ekki að þurfa að koma með að heiman eða skjótast heim úr skólanum. Þær eiga að fá þessar vörur frítt. Þetta ætti ekki að vera spurning þetta ætti bara að vera frítt, þetta er bara hlutur sem gerist og það er ekki eins og stelpur geti gert eitthvað að þessu. Tökum dæmi: ef þú ert að pissa, væri ekki skrítið ef þú þyrftir að borga fyrir klósettpappírinn?

**Svar;** Í dag eru tíðarvörur aðgengilegar í flestum félagsmiðstöðvum. Lögð verður áhersla á að forstöðumenn félagsmiðstöðva og skólastjórnendur eigi samstarf um að tíðarvörur séu aðgengilegar á klósettum, sem og í rými félagsmiðstöðvarinnar. Jafnframt verði gætt að því að nemendur séu vel upplýstir um hvar hægt sé að nálgast tíðarvörur í skólanum og félagsmiðstöðinni.

#### 5. Fartölvur í stað spjaldtölva (allavega á unglingastigi)

Í framhaldsskóla og háskóla eru nánast eingöngu notaðar tölvur. Líka í flestum störfum. Mikilvægt er að læra að skrifa með lyklaborði svo það auðveldi að skrifa texta á tölvum. Ef þú ferð í menntaskóla án þess að kunna á fingrasetningu, þá þarftu að læra það og það er vesen. Það þarf líka að skrifa ritgerðir, skila verkefnum. Maður er miklu fljótari að gera ritgerðir ef maður kann fingrasetningu.

**Svar;** Upplýsingatæknistefna menntasviðs, sem byggir á matsrannsókn sem unnin var fyrir Kópavogsbæ, er í vinnslu og þar verður tekið tillit til þessara þátta. Keypt hafa verið lyklaborð við spjaldtölvur og kennsla í fingrasetningu verður efld í öllum skólum. Grunnskóladeild mun hvetja stjórnendur til að kynna vel fyrir nemendum að lyklaborð eru aðgengileg og hvernig hægt sé að nálgast þau. Skólastjórnendur verða einnig hvattir til að eiga samtal við nemendur um hvernig best sé að auka aðgengi að lyklaborðum og gera þau sýnileg nemendum. Grunnskóladeild fylgir verkefninu eftir og verið er að áhættugreina hugbúnað sem nýttur verður til kennslu í fingrasetningu.

#### 6. Bæta skólakerfið og aðstæður fyrir börn með greiningu.

Það er mjög mikilvægt að krakkar með greiningu sem þurfa að fá hjálp, fái hana. Þau eiga skilið það sama og allir aðrir. Það eru allir frábærir á sinn hátt þau þurfa bara að finna hvað hentar þeim. Ef maður er blindur þá verður að



vera blindraletur framan á öllum stofum. Það þarf líka að vera þolinmóður við krakka með ADHD. Það þarf að hjálpa krökkunum með greiningu svo að allir krakkarnir læri jafn mikið. Krakkar með greiningu eiga stundum í erfiðleikum með nám og eiga skilið sömu tækifærin og aðrir. Það er hægt að bjóða upp á aukatíma fyrir þá krakka. Gefum börnum með greiningu sömu tækifæri.

**Svar; Skólaþjónusta** grunnskóladeildar leggur áherslu á einstaklingsmiðaðan stuðning til að koma til móts við hvern og einn á þeirra forsendum. Leitað verður leiða til að stuðla enn frekar að því að námsþörfum nemenda sé mætt á sem bestan hátt. Unnið er að þróunarverkefni í samstarfi við Álfhólsskóla um inngildingu, í þeim tilgangi að greina og finna leiðir til að koma til móts við þarfir allra nemenda í kennslustofunni. Grunnskólar og félagsmiðstöðvar verða hvattar til að vinna saman að því að mæta þörfum og aðstæðum barna með stuðningsþarfir innan skólans með það að leiðarljósi að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Virðingarfyllst,

---

Amanda K. Ólafsdóttir  
Deildastjóri frístundadeildar